

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 318/2013 um endurgreiðslu
á umtalsverðum kostnaði við læknishjálp, lyf og þjálfun.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Endurgreiðslur taka til eftirfarandi læknis-, lyfja- og þjálfunkostnaðar sem stofnast hefur hérlandis:

1. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við læknishjálp, rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttimælingar, á opinberum sjúkrastofnunum og hjá læknum sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. 4.-6. gr., 1., 2. og 4. mgr. 9. gr., 12. gr., 13. gr. og 15. gr. reglugerðar nr. 1182/2013, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.
2. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða og afgreidd eru gegn lyfseðli samkvæmt reglugerð nr. 313/2013, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum, með síðari breytingum.
3. Lyf vegna barna til 18 ára aldurs, sem afgreidd eru gegn lyfseðli.
4. Hluta sjúkratryggðs í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun á opinberum sjúkrastofnunum og hjá sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum og talmeinafræðingum sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, samkvæmt reglugerð nr. 166/2014, um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun, með síðari breytingum.

Áður en endurgreiðslur eru ákvarðaðar skal draga frá heildarkostnaði uppbætur sem eðla- eða örorkulífeyrirþegi nýtur vegna læknishjálpar eða lyfja samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Viðmiðunartekjur vegna endurgreiðslu eru eftirsandi:

Viðmiðunartekjur	Kostnaður	Endurgreiðsla útgjalda umfram kostnað
einhleypings næsta almanaksár á undan	3 mánuðir	
2.100.000 kr. og lægri	0,7% af tekjum	90%
2.100.000-2.800.000 kr.	0,7% af tekjum	75%
2.800.000-4.000.000 kr.	0,7% af tekjum	60%

Viðmiðunartekjur	Kostnaður	Endurgreiðsla útgjalda umfram kostnað
fjölskyldu næsta almanaksár á undan	3 mánuðir	
3.150.000 kr. og lægri	0,7% af tekjum	90%
3.150.000-4.500.000 kr.	0,7% af tekjum	75%
4.500.000-6.400.000 kr.	0,7% af tekjum	60%

b. Í stað „3.890.000 kr.“ og „6.340.000 kr.“ í 4. mgr. kemur: 4.000.000 og 6.400.000 kr.

c. Í stað „435.000 kr.“ í 5. mgr. kemur: 465.000 kr.

3. gr.

Í stað „4. maí 2013“ í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. október 2015.

Nr. 847

17. september 2015

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð,
með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2015.

Velferðarráðuneytinu, 17. september 2015.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 25. september 2015